



Leiðbeiningar

9.9.5 gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017 og 669/2018

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Hönnun með náttúrulegu brunuferli

Í grein 9.9.5 í byggingarreglugerð segir:

„Við hönnun burðarvirkja með náttúrulegu brunuferli skal taka tillit til allra aðstæðna í viðkomandi rými. Reikna skal með brunuferli og brunaálagi í samræmi við töflu 9.12.

Tafla 9.12 Brunuferli.

Áhætta vegna öryggis fólks	Brunuferli
Mjög takmörkuð	0
Lítill	30 mínútur
Meðal	Fullt brunuferli (með kólnun). Brunaálag skv. 80% hlutfallsmark
Mikil	Fullt brunuferli (með kólnun). Brunaálag skv. 90% hlutfallsmark
Mjög mikil	Fullt brunuferli (með kólnun). Brunaálag skv. 95% hlutfallsmark

Ef hægt er að sýna fram á að bruni nái ekki yfirtendrun má hanna samkvæmt forsendum staðbundins bruna. Heimilt er að lækka álagsforsendur vegna brunaálags um 40% ef sjálfvirkt slökkvikerfi er í rýminu sbr. 9.4.6. gr.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Inngangur

Samkvæmt 9.2.2 gr. byggingarreglugerðar gildir að meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávíkjanlegar með tækniskiptum eða brunahönnun enda sé sýnt fram á að brunaöryggi sé ekki skert og uppfyllt séu meginmarkmið reglugerðarinnar og meginreglur þeirra ákvæða sem vikið er frá. Grein 9.9.5 er öll meginregla.

2 Almennt

Hönnun burðarvirkja með tilliti til bruna má gera eftir stöðluðu brunakúrfunni eða með náttúrulegu brunuferli sem reiknað er sérstaklega út fyrir viðkomandi hús og starfsemi.



Leiðbeiningar

Hönnun náttúrulegs brunaferils er til dæmis lýst í 3 kafla ÍST EN 1991-1-2 Eurocode 1: Hönnun brunahluta – Hluti 1-2: Almennt – Eldvarnarhönnun þegar aðstæður í byggingum eru með þeim hætti að ekki komi til yfirtendrunar í þeim getur engu að síður skapast hættu fyrir burðarvirki vegna brunaálags sem er staðbundið við hluta burðargrindar til dæmis súlu. Leiðbeiningar um áraun vegna staðbundins bruna má finna í annex C í ofangreindum staðli ÍST EN 1991-1-2.

Heimildir

- ÍST EN 1991-1-2:2002: Eurocode 1: Hönnun brunahluta – Hluti 1-2: Almennt – Eldvarnarhönnun